



1440. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þann 22.9.2026 og hefst kl: 16:00

2609-6700

Dagskrá

1. 2605-4211 - Reglur um innkaupakort Akraneskaupstaðar

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3632. þann 10. september sl. uppfærslu á reglum um notkun kreditkorta (innkaupakort) hjá Akraneskaupstað og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Eldri reglur um sama efni eru frá árinu 2012.

2. 2608-6125 - Þróun gagnaverssvæðis í Grjótkelduflóa á Akranesi

Viljayfirlýsing Akranesskaupstaðar við samstarfsaðila um þróun gagnaverssvæðis í Grjótkelduflóa var undirrituð miðvikudaginn 2. september sl. með fyrirvara um samþykkti bæjarráðs og bæjarstjórnar. Bæjarráð fjallaði um málið á fundi sínum nr. 3632 þann 10. september sl. og samþykkti viljayfirlýsinguna og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

3. 2605-4220 - Kirkjubraut 2 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Kirkjubrautar 2. Breytingin felst í því að núverandi íbúð á 4. hæð hússins verði skipt í tvær sjálfstæðar íbúðir og fjölgar íbúðum hússins því úr fjórum í fimm. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á útliti hússins, byggingarmagni eða byggingarreit. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 dagana 4. ágúst til 1. september 2026. Engar athugasemdir bárust. Umsagnir bárust frá Veitum og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða fjölgun íbúða en bendir á atriði er varða hollustuhætti og heilnæmi íbúðarhúsnæðis sem fylgja þarf eftir við afgreiðslu byggingarleyfis. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Kirkjubrautar 2, sem grenndarkynnt var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, verði samþykkt og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

4. 2605-4064 - Elínarvegur 13a - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Miðvogslækjarsvæðis vegna Elínarvegar 13A. Um er að ræða viðbótarbreytingu við áður samþykktu deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina sem samþykkt var í bæjarstjórn 25. nóvember 2025. Breytingin felst í stækkun byggingarreits til norðvesturs, tilfærslu bílastæða innan lóðar og hækkun nýtingarhlutfalls úr 0,20 í 0,21. Að öðru leyti haldast skilmálar gildandi deiliskipulags óbreyttir. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 dagana 4. ágúst til 1. september 2026. Engar athugasemdir bárust. Ein umsögn barst frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands sem gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða breytingu. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi Miðvogslækjarsvæðis vegna Elínarvegar 13A, sem grenndarkynnt var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, verði samþykkt og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

5. 2609-6762 - Menningarverðlaun 2026

Á fundi mennta- og menningarráðs þann 16. september sl. fjallaði ráðið um tilnefningar til menningarverðlauna vegna ársins 2026 og vísaði sinni niðurstöðu ásamt rökstuðningi til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

6. 2609-6384 - 3632. fundur bæjarráðs

3632. fundargerð bæjarráðs frá 10. september 2026.

7. 2608-5950 - 361. fundur skipulags- og umhverfisráðs

361. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 14. september 2026.

8. 2609-6470 - 5. fundur mennta- og menningarráðs

Fundargerð 5. fundar mennta- og menningarráðs frá 16. september 2026.

9. 2609-6389 - 272. fundur velferðar- og mannréttindaráðs

272. fundargerð fundar velferðar- og mannréttindaráðs frá 15. september 2026.

10. 2601-0928 - Fundargerðir september 2026 Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

173. fundargerð stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis frá 7. september 2026

11. 2602-1290 - Fundargerðir 2026 - Samband íslenskra sveitarfélaga

1001. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. ágúst 2026.

12. 2602-1293 - Fundargerðir ágúst 2026 - Faxaflóahafnir

269. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 12. júní 2026. 270. fundargerð stjórnar Faxaflóahafnar frá 29. ágúst 2026.

Akranesi, 21. september 2026

Ragnar B. Sæmundsson